

KIRKJUGARÐARÁÐ

47. fundur haldinn 12. desember 2006 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir skrifstofustjóri og formaður ráðsins, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson fulltrúi Kirkjubings, Kristín Huld Sigurðardóttir fulltrúi Fornleifaverndar ríkisins sem ritaði fundargerð og Sigurgeir Skúlason starfsmaður ráðsins.

1. Setning fundar og fundargerð síðasta fundar

Fundur var settur kl. 16:10 og fundargerð síðasta fundar lögð fram. Fundargerðin var samþykkt.

2. Kirkjugarðar sem ekki hafa verið teknir inn í gjaldalíkanið

Guðmundur Rafn kynnti kirkjugarða sem ekki hafa verið teknir inn í gjaldalíkanið. Garðarnir sem Guðmundur Rafn kynnti voru garðar sem höfðu verið lagðir niður, en teknir aftur í notkun og einnig garðar sem taldir voru heimagrafreitir þegar gjaldalíkanið var ákvarðað, en reyndust ekki vera það.

Guðmundur Rafn kynnti garða sem ástæða væri til að taka inn í gjaldalíkanið, og voru það eftirfarandi garðar: Vöðlavík í S-Múlasýslu, Hoffell við Hornafjörð, Háfur í Rangárvallasýslu, Ás í Rangárvallasýslu, Kaldaðarnes í Flóa, Krýsuvík, Kirkjuból í Langadal, Litla-Breiðavík í Reyðarfirði, Háls við Djúpavog, Sandfell í Örafum, Stóra Hof, Gufunes, Álftamýri í Arnarfirði. Presthólar við Kópasker og Ásmundastaðir á Melrakkaslétu.

Nefndarmenn töldu að erfitt yrði að koma þessum gördum inn í módelið, en vildu láta reyna á það. Borin var fram tillaga um að veita fjármagn, úr Kirkjugarðasjóði til garðanna. Að þeir garðar sem eru slegnir einu sinni ári að fengju 50 kr. á m² ef kirkjugarðastjórn viðkomandi svæðis kæmi með fjármagn á móti. Rætt var um að taka garðana í efri flokknum inn í gjaldalíkanið, en að garðar úr neðri flokknum yrðu ekki hirtir og lagðir niður.

Kristín taldi að staðir sem verða lagðir af ættu að fara yfir til fornleifayfirvalda. Rætt var um nauðsyn þess að setja verklagsreglur um hve langur tími þarf að líða frá síðasta greftri þar til garður verður lagður niður.

Niðurstaðan varð að setja efri flokkinn inn í gjaldalíkanið og leggja hinn af ef ekki hefur verið grafið þar í 100 ár. Guðmundur Rafn kannar hvenær var grafið síðast í garðana og hver garður verður síðan dæmdur fyrir sig. Verkið verður unnið í samvinnu við prófasta. Ákveðið var að setja Litlu-Breiðavík inn í efri flokkinn í stað Vöðlavíkur.

Ákveðið var að formaður ræddi við biskup um verklagsreglurnar varðandi það hvernig eigi að leggja garða niður.

Kirkjugarðaráð fól framkvæmdastjóra að athuga í samráði við prófasta viðkomandi prófastsdæma hvenær var grafið síðast í þessa garða og með hliðsjón af því að hefja athugun á því með hvaða hætti staðið verður að því að leggja formlega niður kirkjugarða og hvers þurfi að gæta við slíkar aðgerðir.

3. Fundur hjá Fornleifavernd vegna skráningar minningarmarka

Á fundinn mættu Guðmundur Rafn Sigurðsson og Valtýr Valtýsson fyrir hönd Kirkjugarðaráðs, dr. Gunnar Kristjánsson prófastur og Kristín Huld. Þorbjörn Hlynur boðaði forföll. Niðurstaða fundarins var að dr. Gunnar taldi að prófastsdæmið væri ekki tilbúið að greiða frekar til verksins til að ljúka því.

Niðurstaða Kirkjugarðaráðs var að Kristín taki saman tillögu um niðurskurð á verkefninu og tillögu um hve lítið er hægt að komast af með til að vinna verkið.

Þórsteinn Ragnarsson kynnti fyrir ráðinu að þeir Guðmundur Rafn hefðu átt fund með borgarstjóra um Hólavallagarð, þar sem Þórsteinn óskaði eftir að fá að nýta fjármagn sem sveitarfélagið greiðir til kirkjugarðanna til Hólavallaverkefnisins og tók borgarstjóri jákvætt í erindið og mun Þórsteinn senda erindi til borgarstjóra vegna verkefnisins.

4. Auðkúla – afmörkun lóðar og stofnskjal

Óskað var eftir að fá formlega samþykkt Kirkjugarðaráðs á afmörkun lóðar. Samþykkt.

5. Fundur með stjórn Prestssetrasjóðs vegna kirkjugarðsins að Ásum

Kynnt var samvinna vegna varna gegn landbroti. Prestssetrasjóður ætlar að taka þátt í verkefninu með Kirkjugarðasjóði.

6. Bréf til kirkjugarðsstjórna/sóknarnefnda vegna greiðslu grafarkostnaður úr Kirkjugarðssjóði

Lagt fram til kynningar og eins og um var samið.

7. Málþing í Viðey um útfararþjónustu

Þórsteinn sagði frá ráðstefnunni sem reyndist gagnleg og góð ráðstefna. Mættu 67 manns. Þingfulltrúar lýstu áhuga á að endurtaka sams konar fund að ári. Fundargerð er að finna á gardur.is/viðey.

8. Næsti fundur

Næsti fundur verður 8. janúar kl. 13:00.

9. Önnur mál

Biskup kom að máli við Ragnhildi vegna þess að Fornleifavernd ríkisins er komin út úr verkefninu Kirkjur Íslands og er óskað eftir að Kirkjugarðaráð greiði 5% vegna útgáfukostnaðar ritsins. Var samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:15.

Ragnildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari